

L Ö G

um löggilding verzlunarstaðar í Hraunhöfn á Melrakkasléttu.

87

3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í Hraunhöfn á Melrakkasléttu skal vera löggiltur verzlunarstaður.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi, þegar atvinnumálaráðuneytið hefir ákveðið takmörk verzlunarlóðar, samkv. lögum nr. 61 10. nóv. 1905, og birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amalíuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.

L Ö G

um hafnsögu í Ísafjarðarkaupstað.

88

3. maí

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Öll skip, sem eru 30 smálestir brúttó að stærð eða meira, skulu, hvort sem þau nota hafnsögumann eða ekki, vera skyld til að greiða hafnsögugjald í fyrsta skipti á ári hverju, er þau koma frá útlöndum og leggjast við festar innan tak-

88 marka Ísafjarðarhafnar. Komi skip oftar en einu sinni á sama ári, skal það ekki greiða hafnsögugjald nema það noti hafnsögumann.

Herskip, skemmtiskip og fiskiskip eru undanþegin hafnsögugjaldi, nema þau noti hafnsögumann.

2. gr.

Hafnarnefnd Ísafjarðar hefir á hendi stjórn hafnsögumála á Ísafirði, undir yfirstjórn bæjarstjórnar Ísafjarðar. Bæjarstjórnin skipar hafnsögumenn, að fengnum tillögum hafnarnefndar, og ákveður laun þeirra. Launin greiðist úr hafnarsjóði Ísafjarðar.

3. gr.

Hafnsögugjaldið greiðist samkvæmt reglugerð, er hafnarnefnd Ísafjarðar semur og stjórnarráð Íslands staðfestir, og skal í þeirri reglugerð jafnframt ákveða, hvert gjald skuli greiða fyrir leiðsögu út úr höfninni og um höfnina, þar á meðal inn í innri höfnina og út úr henni, svo og um framkvæmd hafnsögunnar og innheimtu hafnsögugjalda. Öll gjöld samkvæmt reglugerðinni renna í hafnarsjóð Ísafjarðar, og má taka þau lögtaki.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum eða reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum, allt að 1000 kr. Með mál út af slíkum brotum skal fara sem almenn lögreglumál.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi nú þegar, og eru þá jafnframt úr gildi fallin lög nr. 26 frá 3. okt. 1903.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Amaliuborg, 3. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Haraldur Guðmundsson.